



STARFSÁÆTLUN Í MANNRÉTTINDAMÁLUM

2016



Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa

Inngangur

Mannréttindaráði og mannréttindaskrifstofu ber, samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, að vinna starfsáætlun í mannréttindamálum. Mannréttindaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og á áætlunin að endurspeglu þá áherslur sem ráðið er með. Tilgangurinn með áætluninni er að forgangsraða verkefnum en hún á einnig að nýtast til að fylgjast með framvindu verkefna.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar

Mannréttindaráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn frá 18. desember 2007. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar. Ráðið starfar í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma sem og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Mannréttindaráð sinnir stefnumótun á sviði mannréttindamála hjá Reykjavíkurborg og sér til þess að mannréttindastefnunni sé framfylgt. Mannréttindaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins.

Fulltrúar í mannréttindaráði kosnir 01.10.2015

Líf Magneudóttir
Ragnar Hansson
Sabine Leskopf
Magnús Már Guðmundsson
Hildur Sverrisdóttir
Magnús Sigurbjörnsson
Jóna Björg Sætran

Varafulltrúar:

Eyrún Eyþórsdóttir
Diljá Ámundadóttir
Eva Baldursdóttir
Guðni Rúnar Jónasson
Marta Guðjónsdóttir
Börkur Gunnarsson
Greta Björg Egilsdóttir

Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofu ber að vinna með mannréttindaráði og fylgja eftir ákvörðunum þess. Einnig ber skrifstofunni að:

- ✓ Fylgja eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við mannréttindaráð.
- ✓ Efla samráð innan borgarinnar í þeim málum sem stefnan nær til.
- ✓ Eiga samvinnu við félagasamtök og önnur sveitarfélög í málum sem stefnan nær til.
- ✓ Eiga samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðunum.
- ✓ Eiga frumkvæði að verkefnum.
- ✓ Standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórn málaaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Á mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir:


Öldungaráð Reykjavíkurborgar. Verksvið þess er að vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar. Verksvið þess er vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru innflytjendur. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess. Ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmenningarleg samfélög á Íslandi, byggja brýr á milli Íslendinga og innflytjenda, koma málefnum innflytjenda á framfæri og stuðla að friðsamlegu fjölmenningarlegu samfélagi.

Ofbeldisvarnarnefnd. Verksvið hennar er að vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um aðgerðir og viðbrögð við ofbeldi í samfélaginu. Nefndin skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess

Ferlinefnd fatlaðs fólks. Verksvið hennar er að móta stefnu í ferlimálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til umhverfis og skipulagsráðs sem varða verksvið hennar. Ferlinefnd er ráðgefandi fyrir borgarráð í aðgengismálum fatlaðs fólks. Hún skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættu aðgengi fatlaðs fólks í samræmi við heildarstefnu í aðgengismálum fatlaðs fólks og fjárheimildir nefndarinnar hverju sinni. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður

Skipurit fyrir mannréttindaskrifstofu



Sérstök verkefni

Á mannréttindaskrifstofu starfa átta starfsmenn. Þar af sinna þrír starfsmenn, í mismiklu starfshlutfalli, ráðgjöf fyrir innflytjendur.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur í Reykjavík

Mannréttindaskrifstofa hefur um nokkurra ára skeið veitt innflytjendum ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar. Ráðgjafarnir eru til húsa í Ráðhúsi Reykjavíkur og sýnir reynslan að þörfin er brýn. Ráðgjafarnir veita m.a. upplýsingar um þjónustu við fjölskyldur, atvinnumál, dvalarleyfi, ríkisborgararéttindi og réttindi og skyldur í íslensku samfélagi. Ráðgjafarnir sem veita þjónustuna eru sjálfir innflytjendur og tala íslensku, ensku og pólsku.

Saman gegn ofbeldi

Saman gegn ofbeldi er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Markmið samstarfsins er að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Ábyrgð verkefnisins er á mannréttindaskrifstofu.

Mannréttindastjóri

Mannréttindastjóri fylgir eftir ákvörðunum mannréttindaráðs. Jafnframt er það í verkahring mannréttindastjóra að efla samráð innan borgarinnar á sviði mannréttindamála meðal annars með samstarfi við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðum borgarinnar. Þá tekur mannréttindastjóri þátt í margháttuðu samstarfi við aðra aðila sem sinna mannréttindamálum hér á landi, s.s. við opinberar stofnanir, félagasamtök og önnur sveitarfélög.

Mannréttindafulltrúar

Á hverju sviði borgarinnar eru tilnefndir mannréttindafulltrúar sbr. 11. kafla mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Til að tryggja samþættingu mannréttindamála og upplýsingaflæði heldur mannréttindastjóri reglulega samráðsfundi með mannréttindafulltrúum borgarinnar. Hlutverk mannréttindafulltrúa sviða er að fræða samstarfsfólk um tilvist mannréttindastefnunnar, efni hennar og fylgja henni eftir á starfsstöðunum.

Mannréttindafulltrúar sviða í október 2015 eru:

Margrét Grétarsdóttir
Hrafnkell Tjörvi Stefánsson
Baldur Örn Arnarson
Steinunn Rögnvaldsdóttir
Guðrún Edda Baldursdóttir
Guðjón Örn Helgason

Íþróttá- og tómstundasvið
Skóla- og frístundasvið
Menningar- og ferðamálasvið
Umhverfis- og skipulagssvið
Velferðarsvið
Mannauðsdeild

Kynningarstarf

Mannréttindaskrifstofa sér um að kynna mannréttindastefnuna fyrir starfsmönnum borgarinnar. Enn fremur sér starfsfólk skrifstofunnar um kynningar, erindi og fræðslu, bæði innan borgar og utan, á ýmsum verkefnum sem skrifstofan sinnir. Fjölmargir erlendir gestir, sem hafa áhuga að að kynna sér mannréttindastefnuna, koma á ári hverju.

Markmið og aðgerðir

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að borgaryfirvöld skuldbindi sig til að vinna að mannréttindum á fjórum megin sviðum þar sem hvert svið fyrir sig endurspeglir margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélags sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, veitanda þjónustu og samstarfsaðila þeirra sem vilja beita sér í þágu mannréttinda.

Í þessari starfsáætlun eru settar fram aðgerðir og gerð grein fyrir hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og innan hvaða tímamarka þau skuli unnin.

Á árinu 2016 verður lög áhersla á eftirfarandi verkefni;

Almenn verkefni

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Tími
1. Sjá til þess að sem flestir þekki til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sérstaklega starfsfólk.	1.1 Kynna nýja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar fyrir starfsfólki borgarinnar og borgarbúum, m.a. á nýliðakynningum	Mannréttindaskrifstofa í samstarfi við mannréttindafulltrúa sviða Auk mannréttindaráðs	2016
	1.2. Gefa út rafrænt fréttablað „Mannorð“ fyrir starfsfólk borgarinnar til birtingar á www.rvk.is	Mannréttindaskrifstofa	2016
2. Tryggja samvinnu við svið borgarinnar í mannréttindamálum	2.1 Styrkja tengslanet og upplýsingaflæði til mannréttindafulltrúa með reglubundnum fundum og fræðslu. Árlegir fundir verða haldnir með mannréttindaráði og mannréttindafulltrúum	Mannréttindastjóri	2016

3. Tryggja að mannréttindastefnan sé höfð til hliðsjónar við úthlutun styrkja borgarinnar	3.1 Minna formenn nefnda og ráða og sviðsstjóra á að gæta þess að hafa mannréttindastefnu til hliðsjónar með bréfi er vísar í stefnuna	Mannréttindastjóri f.h. mannréttindaráðs	Í kjölfar styrkauglýsinga Reykjavíkurborgar 2016
4. Efla vitund borgarbúa um mannréttindamál	4.1 Halda árlegan mannréttindadag þann Reykjavíkurborgar ásamt afhendingu viðurkenningar og mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar.	Mannréttindaráð	16. maí ár hvert.
	4.2 Halda opinn fund mannréttindaráðs	Mannréttindaráð	Í desember ár hvert
	4.3. Veita styrki til verkefna sem tengjast mannréttindastefnunni	Mannréttindaráð	2016
5. Tryggja að þjónusta borgarinnar sé aðgengileg öllum hópum borgarsamfélagsins, þ.m.t. innflytjendum og fötluðum	5.1. Tryggja að vefur borgarinnar sé sem aðgengilegastur fyrir ólíka hópa	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við vefteymi.	2016
	5.2. Tryggja að nýjir íbúar fái upplýsingabæklinginn „Velkomin til Reykjavíkur“.	Mannréttindaskrifstofa og þjónustumiðstöðvar borgarinnar.	2016

Kynjajafnrétti

6. Vinna gegn kynbundnu ofbeldi	6.1. Vinna í samstarfi við lögregluna að átaksverkefni gegn heimilisofbeldi“ Saman gegn ofbeldi“.	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við þau svið borgarinnar sem að áætluninni koma	2016
	6.2. Vinna með ofbeldisvarnanarnefnd að verkefnum nefndarinnar	Mannréttindaskrifstofa	2016
	6.3. Vinna að tilraunaverkefni með SFS sem er í einum skóla, einum leikskóla og á einu frístundaheimili. Verkefnið kallast „opinskátt gegn ofbeldi“	Mannréttindaskrifstofa	2016
	6.4. Tryggja fræðslu til allra starfsstaða borgarinnar sem vinna með fólki með fötlun á stöðu mála hvað snertir ofbeldi gegn fötluðu fólki og vinnu að úrbótum þar á.	Mannréttindaskrifstofa	2016
	6.5. Vinna að verkefni Safe Cities m.a. með því að greina hvaða svæði þarf að bæta m.t.t. öryggis stúlkna kvenna og annarra.	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við önnur svið borgarinnar og Lögregluembættið í Reykjavík	2016
7. Treysta lýðræðislega stjórnun borgarinnar og fylgja eftir 15. grein jafnréttis laga	7.1. Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum, ráðum og stjórnnum. Upplýsingar verði kynntar mannréttindaráði og birtar á vefsíðu	Mannréttindaskrifstofa	2016
8. Útrýma kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg	8.1 Fylgja eftir tillögum til að útrýma kynbundnum launamun sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. okt. 2013	Mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð í samvinnu við mannauðsdeild, kjaradeild og fleiri aðila.	2016
9. Efla kynjasambættingu	9.1 Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við fjármálaskrifstofu	2016

Fatlað fólk

10. Tryggja þjónustu við fatlað fólk	10.1 Eiga fundi með réttindagæslumanni fatlaðra til að fylgja eftir þjónustu við fatlað fólk í borginni.	Mannréttindaráð	2016
11. Tryggja að aðgengi fatlaðs fólks í byggingum borgarinnar sé tryggt.	11.1 Tryggja að ferlinefnd fatlaðs fólks fái til meðferðar mál sem snúa að aðgengismálum í byggingum borgarinnar.	Mannréttindaskrifstofa	2016
	11.2 Hvetja til þess að árlegur aðgengisdagur fatlaðra verði haldinn 31. maí ár hvert og viðurkenningar fyrir gott aðgengi verði veittar fyrir aðila í verslunum og þjónustu	Mannréttindaskrifstofa og ferlinefnd	2016
12. Móta stefnu í atvinnumálum fatlaðra hjá Reykjavíkurborg	12.1 Að Reykjavíkurborg móti sér stefnu um samfélagslegu skyldu sína sem atvinnuveitandi fatlaðra	Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa	2016

Málefni Innflytjenda, fólks í leit að alþjóðlegri vernd og flóttamanna

13. Tryggja skjól fyrir erlenda rithöfunda sem verða fyrir ofsóknum	13.1 Vinna við skjólborgarverkefnið/ ICORN	Mannréttindaskrifstofa	2016
14. Tryggja upplýsingagjöf til innflytjenda í borginni	14.1. Veita ráðgjöf um þjónustu við innflytjendur og menningafærni til starfsmanna	Mannréttindaskrifstofa	2016
	14.2. Efla færni og þekkingu starfsfólks til að vinna með innflytjendum, flóttafólki og fólks í leit að alþjóðlegri vernd	Mannréttindaskrifstofa	2016

15. Bæta gagnkvæmt upplýsingaflæði milli íbúa af erlendum uppruna og Reykjavíkurborgar til að einfalda þeim aðlögun og búsetu í borginni	15.1 Undirbúa ásamt fjölmeningarráði árlegan fjölmeningardag	Mannréttindaskrifstofa	2016
16. Tryggja lýðræðislega þátttöku innflytjenda	16.1. Vinna með fjölmeningarráði að verkefnum ráðsins	Mannréttindaskrifstofa	2016
	16.2 Halda borgarstjórnarfund með fulltrúum innflytjenda	Mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð í samvinnu við fjölmeningarráð og skrifstofu borgarstjórnar	2016
17. Auðvelda innflytjendum að starfa hjá Reykjavíkurborg	17.1 Sjá til þess að erlendum starfsmönnum Reykjavíkurborgar standi til boða íslenskukennsla á vinnutíma	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsskrifstofu	2016

Aldur

18. Tryggja réttindi barna	18.1 Vinna að innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfsemi borgarinnar	Fylgja eftir aðgerðum sbr. Skýrslu stafshóps.	2016
19. Tryggja lýðræðislega þátttöku eldri borgara	19.1. Vinna með öldungaráði að verkefnum ráðsins	Mannréttindaskrifstofa	2016
	19.2 Halda borgarstjórnarfund með fulltrúum eldri borgara	Mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð í samvinnu við fjölmeningarráð og skrifstofu borgarstjórnar	2016

Trúar- og lífsskoðanir

20. Tryggja að trúfrelsi barna sé virt	20.1 Fylgja eftir að reglum um samskipti leik- og grunnskóla og trúar- og lífsskoðunarhópa sé framfylgt	Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa	2016
--	---	---	------

Kynhneigð og kynvitund

21. Vinna að fræðslu meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar á mismunandi kynhneigð og kynvitund	21.1 Dreifa og kynna upplýsingabækling frá Samtökunum 78 og Reykjavíkurborg „Hvað er hinsegin?“	Mannréttindaskrifstofa	2016
--	---	------------------------	------